

Nr. 19-105 S 067 Hafdís ÍS 62**Strandar, stjórnandi sofnað**

Skipaskr.nr.: 7336
Útgerð: Duggan slf.
Smíðaður: Bátasmiðja Guðmundar, 1998, Trefjaplast
Stærð: 5,85 bt. 6,44 brl.
Mesta lengd: 9,09 m *Skráð lengd*: 8,57 m
Breidd: 2,57 m *Dýpt*: 1,54 m
Vél: Cummins, 187,0 kW, árg.: 1997.
Fjöldi skipverja: 1



Hafdís @ NN

Gögn:
Lögregluskýrsla.
Gögn RNSA.

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 1. nóvember 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 11. júlí 2019 var Hafdís SU 62 á siglingu í lok veiðiferðar á leið til hafnar á Súgandafirði. Veður: NA 9 m/s (*Straumnes*).

Á landleið strandaði báturinn í sunnanverðum Súgandafirði.



Hafdís á strandstað @ Silvia Bök

Við rannsókn kom fram:

- að stjórnandi bátsins kvaðst hafa sofnað eða liðið út af við stjórn bátsins og vaknaði ekki fyrr en við strandið;

- að veiðiferðin byrjaði kl. 05:07 og henni lauk á standstað kl. 16:03, háflóð var kl. 16:19. Þegar báturinn strandaði var hann á 12,8 hnúta ferð;
- að skipverjinn hafði sofið í 5 til 6 klukkustundir fyrir veiðiferðina;
- að engar viðvaranir voru á siglingartækjum fyrir grynningum í bátnum;
- að gat kom á stefni bátsins, gat inn í lestina og lítið gat inn í vélarúmið. Einnig skemmdust skrúfa og stýri.

Nefndarálit:

Orsök strandsins var sú að stjórnandi sofnaði á verðinum.